

Nd.

§3. Frumvarp

til laga um heimild fyrir ríkisstjórnina til að banna dragnótaveiðar í landhelgi.

Frá sjávarútvegsnefnd.

1. gr.

Landsstjórninni veitist heimild til, þegar þess er krafist og full ástæða þykir til, að takmarka eða banna notkun allskonar dragnóta, þar á meðal kolanóta — Snurrevaad — í landhelgi við strendur landsins, hvarvetna þar, sem veiðar eru stundaðar að jafnaði með handfærum, lóðum eða lagnetum, og ná þá takmörkunar- eða bannákvæðin til allskonar skipa, er slík veiðarfæri nota.

2. gr.

Heimilt skal þó jarðeigendum eða þeim, er alnotarjett hafa þeirra jarða, sem að sjó liggja á bannsvæðinu, að draga ádráttar- eða fyrirdráttarnætur á land.

3. gr.

Þegar krafa um takmörkun eða bann hefir komið til stjórnarráðsins, skal það áður en ákvörðun er tekin í málinu leita álits hlutaðeigandi hreppsnefnda og stjórnar Fiskifjelags Íslands.

4. gr.

Akvarðanir þær, er stjórnarráðið setur í þessum málum, hafa lagagildi, og skulu þær birtar almenningi hið bráðasta, og jafnframt greind takmörk á

svæði því, er þær ná til. Skulu lögreglustjórar og skip þau, er hafa landhelgisgæslu á hendi, sjá um, að ákvæðunum sje hlýtt.

5. gr.

Með lögum þessum er takmarkaður rjettur sýslunefnda, sá er sýslunefndum er veittur með lögum nr. 86, 14. nóv. 1917, um fiskiveidasamþykktir og lendingasjóði, til þess að gera samþykktir, að því leyti sem um er að ræða bann gegn veiðarfæranotkun.

6. gr.

Refsingar fyrir brot gegn ráðstöfunum þeim, er landsstjórnin gerir með heimild í lögum þessum, ákveður hún á þann hátt, sem henni þykir við eiga um leið og hver ráðstöfun er gerð.

Greinargerð.

Frumvarp þetta er komið fram að tilhlutun atvinnumálaráðuneytisins og stjórnar Fiskifjelags Íslands, sem hefir samið frumvarpið.

Síðastliðið sumar kærðu allmargir útgerðarmenn við sunnanverðan Faxaflóa yfir fiskveiðum með dragnót (Snurrevaad), sem stundaðar voru í landhelgi inni á instu vikum og vogum þar syðra. Það er álit kæranda, að dragnót þessi sje engu síður skaðleg á fiskimiðum fyrir veiðarfæri, svo sem handfæri, lóðir og net, eins og fiskigöngur, heldur en hin alþekta svonefnda botnvarpa (Otter-trawl), og hafa þeir krafist þess, að umrædd dragnót væri látin hlíta sömu lögum. Hinsvegar hafa þeir bæjarfógetarnir í Hafnarfirði og Reykjavík, sem báðir hafa látið álit sitt uppi um málið, ekki getað fallist á, að heimfæra beri notkun dragnóta þessara undir lög nr. 5, frá 18. maí 1920, en líta svo á, að athuga beri, hvort eigi sje nauðsynlegt að banna með lögum veiðar með allskonar dragnótum í landhelgi hjer við land, og í því skyni bent málinu til stjórnarráðsins, sem hefir svo leitað álits stjórnar Fiskifjelags Íslands og jafnframt kynt sjer, hvernig löggjöf annara þjóða væri háttað að þessu lútandi, og komist að raun um, að í Skotlandi eru gildandi lög, sem banna veiðar í landhelgi með dragnót (Snurrevaad), nema á vissum svæðum með undanþágum.

Stjórn Fiskifjelagsins litur svo á, að þar sem nægileg reynsla sje ekki fengin fyrir skaðsemi dragnótaveiði á fiskigöngur, eða veiðar með öðrum tækjum, svo sem lóðum, handfærum og netum, og að menn hafi nú þegar kostað allmiklu fje til þess að reyna veiðiaðferð þessa, þá sje of snemt að banna hana algerlega. En þar sem fram hafa komið mjög ákveðnar kröfur frá mönnum við sunnanverðan Faxaflóa og víðsvegar að, um að dragnótaveiðar verði bannaðar með lögum innan landhelgi, þá hefir stjórn Fiskifjelagsins lagt til, að Alþingi gæfi út heimildarlög, er heimili ríkisstjórninni að banna veiðar með allskonar dragnótum í landhelgi við strendur landsins, á þeim svæðum, sem krafist er.